

og stalst til að horfa útundan sér á vangann á honum, þegar hún hélt að hann veitti því ekki eftirtekt.

Þegar þau höfðu matast og voru tilbúin til að fara af stað aftur, þá hnipti Indíaninn í Bannihan og benti honum á laglegu stúlkuna og sagði:

„Þessi, þessi þarna, hvernig lízt þér á hana?“

Bannihan varð dálítið hissa á þessari óvæntu bendingu, og í nokkurskonar fátí fór hann að ryðja úr sér heimiklum þakk-lætis klausum yfir Indíanann; hann tók í höndina á stúlkunni, ekki til þess að fastna sér hana til eilíðar, heldur til að kveðja hana samkvæmt sinni írlenzku hæversku.

Einhverskonar fjörglampi hreyfði sér allra snöggvast í brúnu augunum stúlkunnar. Hljája handartakið hennar, og síðasta tillit hennar, þegar hún var að fara, hleypti ölgu í heita Írablóðið, sem rann í æðum hans. Hann studdist höggdofa upp við kofavegginn og horfði þegjandi á eftir ferðafólkinu, unz það beygði fyrir skógarnef og hvarf sjónum hans.

Hann settist niður, og sat hreyfingarlaus í draumværrí kvöldkyrðinni. Hann hugsaði og hugsaði. Einhverjar óljósar tilfinningar hreyfðu sér í brjósti hans, sem hann hafði aldrei orðið var við þar áður. Hann gat ekki gert sér ljósa grein fyrir, hvaða tilfinningar það voru, eða hvernig þær voru. Hann hlustaði ósjálfrátt eftir hófdyn ferðafólksins, unz hann dó út. Lítil fugl kom fljúgandi niður úr einu trénu, og settist til matar á fátæklega borðinu hans, svolítil skógarmús kom hlaupandi út úr fylgsni sínu og tindi upp molana við fatúr hans. Rétt á eftir kom vilt hind út úr skóginum og gekk svo nærri honum að hann gat heyrt hinn léttu andardrátt hennar og talið blettina á síðunni á litla kálfinum sem elti hana, og hann hefði næstum getað gripið um hornin á hirtinum, sem kom labbandi á eftir skylduliði sínu.

Alt var eins kyrt og þöglult eins og það framast gat verið. Aldrei hafði Bannihan fundið sárar til einverunnar en einmitt nú. Og þó það væri hvergi nærri orðið dimt, varð hann þó feginn að fleygja sér ofan á fletið sitt, og varpa sér á vængjum svefsins yfir á lönd draumdísarinnar. Hann þóttist vera þar í